

Fundargerð 965. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 18. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 963. fundar - 2410016SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 963. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. janúar 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Staða kjaramála - 2406015SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2025.

Bjarni Ómar Haraldsson, varaformaður samninganefndar Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir þessum lið.

Bjarni Ómar Haraldsson og Kolbeinn Guðmundsson viku af fundi kl. 8.50.

3. Kjarasamningar - 2406015SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambands stjórnendafélaga og Dýralæknafélags Íslands, dags. 5. og 17. febrúar 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Samband stjórnendafélaga og Dýralæknafélag Íslands.

4. Endurskoðun á samþykktum Sambandsins - 2406023SA

Yfirferð samþykktu sambandsins.

Stjórn samþykkir að leggja breytingar á samþykktum fyrir landsþing í samræmi við umræður á fundinum.

5. Drög að dagskrá landsþings Sambandsins - 2407022SA

Kynnt voru drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðna á fundinum.

Fundi var slitið kl. 09:30